

Fundargerð 6. fundar stjórnar SSA 7. mars 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar, Vonarlandi á Egilsstöðum. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Margrét Guðjónsdóttir, og Gunnar Jónsson. Jón Björn Hákonarson sat fundinn á síma.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 5. stjórnarfundi SSA, 5. fundi framkvæmdaráðs SSA og 3. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis. Fundargerðir frá 5., 6. og 7. fundi stjórnar SvAust – Almennings-samganga ehf. lagðar fram til kynningar.
2. Fundargerðir frá Eyþingi, FV, SASS og SSNV.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.
 - a) Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaganna.
 - b) Fundargerð frá HAUST. ***Stjórn SSA lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim farvegi sem málefni svokallaðra Airbnb-íbúða/heimagisting (90 gistinátta reglan) eru komin í. Stjórnin skorar á Samband íslenskra sveitarfélaga að kalla eftir upplýsingum frá sveitarfélögum um land allt um það hver áhrif nýrrar reglugerðar eru og hvernig henni er framfylgt. Jafnframt verði skoðað hvert hlutverk og samspil sveitarfélaga og eftirlitsstofnana eigi að vera.***
 - c) Styrkbeiðni frá N4. ***Stjórn SSA samþykkir fyrir sitt leyti óbreytt framlag til N4 enda hefur verið gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Beiðni um hækkun verður vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2018.***
 - d) Skýrsla frá SÍS um endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga.
 - e) Svör frá Byggðastofnun vegna skýrslu um ferðaþjónustu.

2. Samgönguáætlun – Fréttir af niðurskurði. Ályktun stjórnar SSA: ***Alþingi samþykkti loks vonum seinna á síðasta hausti í sögulegri sátt samgönguáætlun 2015-2018, sem líkt og segir í lögum um samgönguáætlun er „áætlun við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum“. Í þessari samgönguáætlun er að finna verkefni sem lengi hafa beðið þess að komast til framkvæmda en allt frá hrúni hafa íbúar um land allt sýnt því skilning að skorið hafi verið niður í samgöngukerfinu, hvort heldur um er að ræða viðhald, þjónustu eða nýframkvæmdir. En með batnandi hag, hefur þrýstingur aukist á um að ríkisvaldið fjárfesti í auknum mæli í samgöngumálum enda er enginn einn***



málaflokkur jafn þýðingarmikill fyrir landshlutana, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, atvinnumála, þ.m.t. ferðapjónusta, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnisstöðu.

Við samþykkt fjárlaga í lok desember var hins vegar ljóst að samgönguáætlun var stórkostlega vanfjármögnuð. Ekki var ljóst hvernig ný ríkisstjórn myndi bregðast við þessum aðstæðum en það sem enginn átti von á var að samgönguráðherra myndi án, að því er virðist, nokkurs samráðs við þingheim slá út af borðinu beinlínis lífsnauðsynlegar framkvæmdir, t.a.m. á Austurlandi. Ef fram fer sem horfir, verður þetta þriðja árið í röð þar sem lítið sem ekkert fé rennur til nýframkvæmda á Austurlandi og segja má að ekki hafi verið framkvæmt að nokkru marki á stórum svæðum um árabil. Því skal haldið til haga, að jarðgangagerð á ekki að taka fjármagn frá öðrum nýframkvæmdum og því geta ráðherra og ríkisstjórn hans ekki þvegið hendur sínar af samgöngumálum á Austurlandi með því að vísa til framkvæmda við Norðfjarðargöng.

Stjórn SSA telur fulla ástæðu til að samgönguráðherra kalli stjórnir landshlutasamtaka og þingmenn um land allt á sinn fund hið fyrsta til að fara yfir það verklag sem á að vera við stjórnun samgöngumála á Íslandi á næstu árum. Ljóst er að það kerfi sem nú er við lýði er gagnslaust. Tryggja verður jafnræði og öryggi íbúa um land allt og því hafnar stjórn SSA því alfarið að ekki sé unnið eftir þeirri samgönguáætlun sem Alþingi hefur samþykkt og skorar á stjórnvöld að tryggja þá fjármuni sem til þarf svo það verði.

3. Samningur um sóknaráætlun.

1. Áhersluverkefni Austurlands 2017 – staða.
2. Greiðslur vegna samnings - staða. Stjórn SSA samþykkir að ganga frá viðaukum um framlengingu samninga til loka árs 2017 við MMF og Breiðdalsseturs.
3. Endurskoðun sóknaráætlunar 2017 – staða.

4. Almenningsamgöngur.

1. Sternumálið – staða.
2. Frumvarp um farþega- og farmflutninga. Umsagnir landshlutasamtaka og SÍS. Lagt fram til kynningar.

5. Svæðisskipulag.

1. Drög að fjárhagsáætlun. Lagt fram til kynningar.

6. Önnur mál.

1. Ósk um umsögn um þingsályktunartillögu um skipan starfshóps um starfsumhverfi fjölmiðla á landsbyggðinni. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að ganga frá umsögn.



Næsti fundur stjórnar ákveðinn 28. mars kl. 12.40 á Reyðarfirði. Stjórn Austurbrúar er boðið til fundarins kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 15.30.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Andrés Skúlason

Hákon Hansson

Margrét Guðjónsdóttir

